

## REGLUGERÐ

### um holræsi og holræsagjöld í Keflavík.

#### 1. gr.

Þar sem Keflavíkurbær hefur látið leggja holræsi í götu, veg eða opið svæði eða þar sem bærinn hefur tekið að sér viðhald og endurnýjun eldri holræsa, er þeim húseigendum, er þar eiga hús að eða í námunda við, og í holræsið geta náð, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, er flytji allt skolp frá því út í aðalræsið. Regnvatn af húsum og lóðum skal einnig, eftir því sem unnt er, leiða í ræsið.

Vanræki einhver að láta gera holræsi frá húsi sínu innan hæfilegs frests, er byggingafulltrúi setur, skal verkið unnið á hans kostnað.

#### 2. gr.

Allar framkvæmdir við holræsakerfi bæjarins, viðhald, endurbætur og viðauka, skulu leystar af hendi á vegum bæjarins undir umsjón vatnsveitunefndar eða annarra þeirra, sem bæjarstjórn eða vatnsveitunefnd felur það.

#### 3. gr.

Áður en húseigandi byrjar að leggja ræsi frá húsi sínu, skal hann tilkynna það byggingafulltrúa, og fá samþykki hans þar til. Lega, halli, stærð og gerð pípna, brunna, vatnslása og alls þess, er tilheyrir skolplögninni innan húss og utan, skal háð samþykki byggingafulltrúa. Hann skal hafa eftirlit með verkinu, og er húseiganda skylt að hlíta fyrirmælum hans í öllu því, er framkvæmd verksins varðar. Ef byggingafulltrúi telur nauðsynlegt, getur hann krafizt uppdráttar af allri lögninni. Rísi ágreiningur milli húseiganda og byggingafulltrúa, sker bæjarráð úr.

#### 4. gr.

Allur kostnaður við holræsagerð bæjarins greiðist úr bæjarsjóði. Til þess að standast þann kostnað, skal hver húseigandi greiða bæjarsjóði tengigjald, er hann tengir hús sitt við holræsakerfi bæjarins. Tengigjald þetta skal vera kr. 1 500.00 fyrir hús með einni íbúð, en auk þess 500 kr. fyrir hverja íbúð, sem er í húsi umfram eina, og fyrir atvinnuhúsnæði skal tengigjaldið vera kr. 3 000.00. Húseigandi getur eigi krafizt tengingar við holræsakerfið, fyrr en tengigjaldið er greitt. Þá skal og hver húseigandi greiða árlegt holræsagjald til bæjarsjóðs 0,4% af fasteignamatsverði húss og lóðar, þó aldrei lægra en kr. 200.00.

Heimilt er að ákveða holræsagjald af óbyggðum lóðum, er liggja að götu, vegi eða opnu svæði, þar sem holræsi liggur.

Bæjarstjórn getur hækkað eða lækkað holræsagjöld um allt að 50%, þar sem sérstakar ástæður liggja til.

Holræsagjöldin skal reikna í heilum krónum.

#### 5. gr.

Húseigendur bera ábyrgð á greiðslu holræsagjalda samkvæmt reglugerð þessari. Gjöld þessi má taka með lögtaki á kostnað gjaldenda, og þau eru tryggð með lögveði í fasteign þeirri, er þau eru lögð á, í næstu tvö ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

Gjalddagi holræsagjalda er 2. janúar ár hvert.

## 6. gr.

206

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 1 000.00, nema þyngri refsing liggji við að lögum. 31. des.

Mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Keflavíkurkaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi 1. janúar 1959, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um holræsi í Keflavík nr. 182 19. sept. 1945.

*Félagsmálaráðuneytið, 31. desember 1958.*

**Friðjón Skarphéðinsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

## REGLUGERÐ

207

um breyting á reglugerð fyrir vatnsveitu í Keflavík nr. 173 12. sept. 1945. 31. des.

## 1. gr.

9. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Af öllum húsum í lögsagnarumdæmi Keflavíkur, sem svo er ástatt um, sem um getur í 8. gr. reglugerðar þessarar, skal greiða vatnsskatt 0,4% af fasteignamatsverði húss og lóðar og auk þess kr. 200.00 fyrir einnar íbúðar hús, en kr. 100.00 fyrir hverja íbúð, sem er í húsi umfram eina.

Tengigjald skal vera kr. 400.00 fyrir einnar íbúðar hús, en kr. 200.00 fyrir hverja íbúð, sem er í húsi umfram eina, og auk þess 0,6% af fasteignamatsverði húss og lóðar.

Fastagjaldið greiðist um leið og leyfi er veitt til tengingar, en fasteignamatsgjaldið þegar húsið hefur verið metið.

Ef hús, er greiða ber af vatnsskatt, eru ekki virt fasteignamatsverði eða húsin eru utan lögsagnarumdæmis kaupstaðarins, ákvarðar vatnsveitunefndin skattinn.

Heimilt er að ákveða vatnsskatt af óbyggðum lóðum, er liggja að götu, vegi eða opnu svæði, sem vatnsæðar liggja um.

## 2. gr.

10. gr. orðist svo:

Verksmiðjur, iðnaðarfyrirtæki og önnur atvinnufyrirtæki, svo og aðrir, sem nota vatn til annars en heimilisþarfa, skulu greiða aukavatnsskatt, og ákveður þá vatnsveitunefnd aukavatnsskattinn samkvæmt áætlaðri notkun.

Vatnsveitunefnd ákveður gjöld fyrir uppsetningu mæla, leigu eftir þá, og greiðslu aukavatnsskatts, ef vatn verður selt eftir mæli.

## 3. gr.

11. gr. orðist svo:

Fyrir vatn til hafnarinnar greiðist 25% af söluverði þess vatns, sem höfnin afhendir.